



RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík

sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280

kennitala: 600186 1759

Ársskýrsla embættis ríkislögmans 2012

I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð um ársskýrslu ríkislögmans sem forsætisráðuneytið gaf út þann 22. janúar 2008 skal embætti ríkislögmans árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir megin þætti í starfsemi embættisins. Reglugerð þessi var sett með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum.

II. Starfsemi embættisins

Ársskýrsla þessi er fimmta ársskýrsla embættis ríkislögmans og tekur til starfsemi embættisins fyrir árið 2012.

Embætti ríkislögmans starfar samkvæmt lögum um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum, eins og fyrr er nefnt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986. Embætti ríkislögmans er sjálfstæð stofnun og heyrir samkvæmt lögum undir stjórnarráðið. Verkefni embættisins eru þannig skilgreind í lögum:

1. Uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði.
2. Lögfræðilegar álitserðir samkvæmt ákvörðun ráðherra og aðstoð við vandasama sammingsgerð.
3. Embættið fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.


Hjá embætti ríkislögmans störfuðu sjö starfsmenn í lok árs 2012. Þar af voru 4 lögmenn í fullu starfi og einn í hlutastarfi, einn ritari og ríkislögmaður. Í október var ráðinn nýr lögmaður í fullt starf, en fyrrverandi ríkislögmaður hefur unnið að sérverkefnum til að létta álagi af öðrum.

Á árinu 2012 var fjárheimild embættis ríkislögmans 64.400.000 kr., en fjárlög gerðu einnig ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 6.500.000 kr. Rekstur embættisins á árinu 2012 var innan fjárheimilda ársins. Embættið hefur undanfarin ár reitt sig á flutning fjárheimilda milli ára og þannig náð að halda sig innan heimilda. Að öðru leyti er gerð grein fyrir rekstri og efnahag í ársreikningi. Unnið er að því í samráði við forsætisráðuneytið að halda eldri heimildum áfram svo sem nokkur kostur er og óska eftir auknum fjárveitingum til framtíðar en álag í

málarekstri hefur aukist verulega. Ef að líkum lætur þarf að bæta enn við stöðugildi lögmans við embættið.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust ríkislögmanni á árinu 2012. Auk þess er yfirlit yfir óafgreidd mál hjá embættinu miðað við 31. desember 2010. Síðan er yfirlit yfir afgreidd mál á árinu 2012 og stöðu óafgreiddra mála þann 31. desember 2012.

	Óafgreitt 31.12.2011	Ný mál 2012	Afgreidd mál 2012	Óafgreitt 31.12.2012
Dómsmál	111	139	102	148
Bótakröfur	54	95	101	48
Erindi	37	36	40	33
Tryggingabætur	14	94	81	27
Ýmislegt	6	16	16	6
Samtals	222	380	340	262



Samkvæmt framansögðu bárust embættinu 380 ný mál á árinu 2012. Fyrir voru samtals 222 óafgreidd mál í lok árs 2011. 340 málum var endanlega lokið á árinu 2012 og voru 262 mál óafgreidd í lok ársins.

Af nýjum málum á árinu 2012 voru 139 dómsmál. Af þeim voru 110 rekin fyrir héraðsdómi, 22 fyrir Hæstarétti og 7 fyrir Félagsdómi. Bótakröfur voru 95, erindi/álitsgerðir 36, tryggingabótakröfur 94 og önnur mál 16.

Á árinu 2012 voru afgreidd samtals 340 mál, eins og áður sagði. Þar af voru 102 dómsmál, 101 bótakröfur, 40 erindi/álitsgerðir, 81 tryggingabótakröfur og 16 önnur mál.

Um síðustu áramót voru ódæmd 148 dómsmál, 48 bótakröfur voru óafgreiddar, 33 erindi/álitsgerðir, 27 tryggingabótakröfur og 6 önnur mál.

III. Töluleg sundurliðun verkefna 2012

Ný dómsmál á árinu 2012 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

	Hæsta- réttarmál	Héraðs- dómsmál	Félags- dómsmál
Dómsmál:			
1	Almennt	2	
2	Aðfaramál		1
3	Eignarréttur	6	
4	Félagsdómsmál		7
5	Innflytjendur, dvalarleyfi		1
6	Sjórn fiskveiða	1	8
7	Skaðabótamál:		
	~Almennt		6
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	1	5
	~Athafnir stjórnvalda	1	1
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	3	26
	~Skaðabætur vegna bankahruns	1	1
8	Skattamál	8	19
9	Starfsmannaréttur:		
	~Lífeyrismál		1
	~Brottvikning úr starfi / tilfærsla	1	3
	~Vangreidd laun		5
	~Áminning í starfi		1
10	Stjórnsýsla	1	22
11	Útboðsmál	1	2
12	Þjóðlendumál	1	2
13	Til réttargæslu		
14	Samkeppnismál	1	
	<i>Samtals</i>	<i>22</i>	<i>110</i>
			<i>7</i>

Nýjar bótakröfur á árinu 2012 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

Bótakröfur:	
1	Skaðabætur:
	~Almennt
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna
	~Skaðabætur skv. lögreglulögum
	~Athafnir stjórnvalda
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.
	~V/bankahrún
	~Innflytjendur, dvalarleyfi
2	Stjórn fiskveiða
3	Starfsmannaréttur:
	~Vangreidd laun
4	Stjórnsýsla
5	Þinglýsingar
	<i>Samtals</i>
	<i>95</i>

Nýjar tryggingabótakröfur á árinu 2012 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

Tryggingabætur:		
Tryggingabætur skv.		
1	kjarasamningi	
	~almennt	82
	~tilkynningar	6
	~skaðabótaskylda skv. gr. 7.1.6	6
	<i>Samtals</i>	<i>94</i>

Ný erindi á árinu 2012 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

Erindi / álitserðir:		
1	Almenn erindi	21
2	Álitserðir	
	~almennt	6
3	Dómkvaðning matsmanna	5
4	Umsagnir	4
	<i>Samtals</i>	<i>36</i>

Önnur mál:

Ýmislegt:		
1	Ýmis mál	16
		<i>16</i>

Reykjavík, júlí 2013

Einar Karl Hallvarðsson hrl.